



Borgarstjórinn í Reykjavík
Dagur B. Eggertsson

Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargata 11, 101 Reykjavík

Efni: Aðstaða við knattspyrnuvöll FjölNis í Grafarvogi

Við undirritaðir viljum koma á framfæri áhyggjum af stöðu mannvirkja við knattspyrnuvöll FjölNis við Dalhús í Reykjavík. FjölNir er líklega með eina stærstu knattspyrnudeild í Reykjavík og hefur verið mjög vaxandi bæði í karla- og kvennaflokkum. Aðal keppnisvöllur félagsins við Dalhús hefur verið starfræktur með undanþáguheimildum síðustu ár, þar sem hann uppfyllir ekki kröfur KSÍ um aðbúnað fyrir áhorfendur við völlinn. Undanþágan hefur verið skilyrt þannig, að félagið þarf að leggja frá hugmyndir um lausnir á næstu misserum. Í stuttu máli er ekki yfirbyggð stúka við völlinn.

Reykjavíkurborg hefur verið að fjárfesta mikið í slíkum mannvirkjum undanfarið og er það nú þannig, að FjölNir er eina félagið sem ekki uppfyllir skilyrði KSÍ í borginni. Rétt er að taka fram, að karlalið félagsins keppir í Úrvalsdeild og sem betur fer er áhorfendafjöldi á uppleið á leikjum félagsins.

Við höfum átt gott samstarf við ÍTR um þessi mál, en ekki hefur enn verið gengið frá áætlun um hvernig leysa má þessi mál á næstu misserum. FjölNismenn hafa lagt til, að byggð verði stúka framan á íþróttahús félagsins við Dalhús, þar sem samnýta mætti aðstöðu í þeirri byggingu fyrir áhorfendur, blaðamenn og dómara. Það er mjög mikilvægt, að ganga frá slíkri áætlun sem fyrst og helst að hefja framkvæmdir seinna á þessu ári.

Við undirritaðir förum fram á stuðning Reykjavíkurborgar í þessu máli og vonumst eftir góðu samstarfi áfram á milli FjölNis og Reykjavíkurborgar um uppbyggingu á aðstöðu félagsins. Við erum reiðubúnir til að ræða þessi mál nánar, ef tími gefst til þess af ykkar hálfu.

Virðingarfyllst,

Jón Karl Ólafsson
formaður FjölNis

Árni Hermannsson
formaður knattspyrnudeildar FjölNis